

Harpa Njálsdóttir

28. febrúar 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Halla Kristín Einarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

© Krumma films ehf.

Ég heiti Harpa Njáls og ég er félagsfræðingur og hef unnið við það sem sagt unnið við rannsóknir. Það er nóg er það ekki? Já. Hvenær ég kom að þessari baráttu, ég á samkynhneigt barn og var búin að vita það ja, nær einn og hálfan áratug þegar að ég fór af stað. Og það var ákveðið tilefni til þess, ég var búin að hugsa lengi til þess að fara fram og taka þátt en síðan varð, komst ég í þær aðstæður sem sagt sem að, ja við getum sagt að ég komst í þær aðstæður að ég mætti mikilli áskorun til þess að gera eitthvað í málinu. Og ég get alveg sagt hver það var, hvað það var. Ég réð mig til starfa hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, tók að mér tveggja ára tilraunaverkefni að þróa fátækt fyrir fólk á Íslandi. Og við vorum staðsett á Biskupsstofu. Á Biskupsstofu var þá einnig prestur innflytjenda og fangaprestur og í þessu sem sagt umhverfi þá, eða við getum reyndar sagt að á þessum tíma að þá var mikil umræða í samfélaginu um samkynhneigð.

HK: Um hvaða leyti er það?

Þetta er 1997 og 1998. Nei fyrirgefðu 1998 og 1999. Og það er mikil umræða, það höfðu komið lög þarna 1996, og það sem að hreyfði við mér það var það að innan minna veggja, vinnuveggja, var einstaklingur sem að var bókstafstrúarmaður og hafði miklar skoðanir sem sagt á samkynhneigðum og samkvæmt hans skilningi og hérna viðhorfi að þá var þetta synd. Ég sagði honum sem sagt mína skoðun að ég liti á það að samkynhneigð væri hluti af litrófi lífsins og nokkrum sinnum þá stoppaði hann hjá mér og sagði, ég veit að þú ert ekki sammála mér og ég sagði nei, ég er það ekki en ég ákvað að blanda ekki saman þarna mínu faglega og mínu persónulega en áskorunin var mikil að ég, hvað ég sem sagt ætlaði að gera. Hvað ég væri tilbúin til þess að gera og hvernig ég gæti komið fram því mér fannst það vera mikil nauðsyn að foreldrar og aðstandendur kæmu meira fram í dagsljósið. Fyrst og fremst fannst mér, eða við getum sagt að fólk sem að vildi það gat svona stillt sér upp og nánast skotið á samkynhneigða og það sem að brann á mér það var það að það væri gott fyrir samfélagið að átta sig á því að samkynhneigðir ættu sterkar fjölskyldur. Og ég tók mér tíma til þess sem sagt að afla mér þekkingar og fræðslu og þetta getum við sagt að sé

bakgrunnurinn og nú ætla ég að taka það fram líka að eins og ég sagði, þetta var á Biskupsstofu, það var aldrei neinn sem að mótmælti. Og líka vil ég segja að þetta var vænsta manneskja þó svo að þetta væru viðhorfin sem að einstaklingurinn bar með sér úr sínu umhverfi, rétttrúnaður, Biblíutrúnaður. Þannig að þetta er svona, þetta er grunnurinn, Biblíutrúnaður ég sé að þú setur aðeins í augabrúnina en það er í rauninni sem sagt, þetta er í rauninni, má segja aðdragandinn. Já.

HK: Og þegar þú ferð svo að gera eitthvað í málunum, varstu ein eða komu fleiri að? Hvernig byrjaði það?

Já það byrjaði þannig að ég tók þátt í göngu, Gay pride göngunni 2000. Og gekk sem sagt með hópnum, gerði það líka 1999 og þarna 2000 aftur og bara ég varð fyrir svona miklum krafti. Og fljótlega eftir það, að ég fann það að þetta var svona rétti tíminn til þess að gera eitthvað í málinu, fljótlega eftir það þá fór ég og hitti formann S78 sem þá var Þorvaldur Kristinsson og sagði honum það að ég hefði áhuga á því að, að stofna hóp foreldra og aðstandenda og hann tók mér strax mjög vel. En ég ætla líka að taka það fram að foreldrar og aðstandendur höfðu hist og um tíma bæði 1987 og 19, hvað sagði ég 1987? Eða var það 1978 eða getur verið 1987 ég er ekki alveg viss um það en svo aftur 1997 og þá var Margrét Pálmadóttir sem sagt, þá leiddi hún starf um tíma. En þarna sem sagt förum við í það að ég skrifaði og sendi út bréf með *Samtakafréttum* og bað samkynhneigða að koma því á framfæri við foreldra sína og síðan spurðist þetta út og, og það myndaðist svona smá hópur og við funduðum á miðvikudagskvöldum í húsi Samtakanna '78. Og okkur var strax tekið vel þar sem sagt og boðin aðstaða og það sem við þurftum til. Þannig sem sagt fór starfið af stað. En það var í rauninni strax markmið að mynda hóp til þess að, foreldra og aðstandenda, þar sem að við gætum rætt saman og borði saman reynslu okkar, styrk og vonir, og einnig að beita okkur fyrir sýnileika og beita okkur fyrir fræðslustarfi. Þetta spratt allt upp sem sagt á sama tíma. Það var alveg skýrt hvert verkefni okkar var.

HK: Fannstu mikinn mun svona á andanum í samfélaginu í kringum samkynhneigð eftir lagasetninguna '96?

Það spruttu, það spratt upp mikil umræða. Og sko umræðan hún varð, á vissan hátt þá var hún líka grim. Ég ætla að nefna það t.d. að eitt af því sem var talað um sem sagt í mín eyru það var kristnar mæður, þær tóku sig saman og sem sagt skrifuðu greinar og, og um það að samkynhneigðar konur eða samkynhneigðir ættu ekki að ala upp börn og töldu það sem sagt vera mikla, þær væru ekki hæfar til þess hreint og klárt og þetta var m.a. þess sem að var þá hossað í mín eyru og mér fannst afar dapurt vegna þess að ég þekkti samkynhneigða sem að áttu börn og fórst það ákaflega vel úr hendi og átti m.a. barnabarn sem sagt þannig að ég þekkti það og mér fannst þetta ómaklegt og óréttlátt að þessi umræða skyldi vera í gangi. En ég held að á báða bóga að þá voru þeir sem að svona studdu málefni samkynhneigðra þeir komu fram en það heyrðist meira í hinum. Þeir voru e.t.v. háværi og grimmari.

HK: Þetta er sem sagt upp úr 2000?

Þetta er 2000 já. Ég get bætt því við að við förum strax af stað um haustið 2000 með fræðslufundi. Þá sem sagt einu sinni í mánuði. Og þá fengum við, bæði höfðu verið gerðar kannanir sem sagt á vettvangi Samtakanna, einstaklingar sem að höfðu skrifað um og þekktu vel til aðstæðna, Guðmundur Páll t.d. sem að var námsráðgjafi í Iðnskólanum, hann hafði gefið út bók og hann kom til okkar einu sinni sem sagt og var með fræðsluerindi. Annað sem að kannski er rétt að nefna og það er að við beittum okkur fyrir því í byrjun desember að bjóða til fundar alla hópa sem að störfuðu á vettvangi S78, bara til þess að hittast og fólk kynnti aðeins hvað það væri að gera og förum yfir það og það kom mjög vel út. Við vorum með tónlist og svona huggulegheit og þetta gerðum við ár eftir ár þannig að þá fengum við svona meiri tengingu við hópana sem að störfuðu innan Samtakanna.

HK: Ég sé að þið gáfuð út bæklinga. Dreifðuð þið þessu í ?

Nei. Sko þetta er, það er kannski, ég ætla kannski að undirstrika það aðeins að við vorum búin að vera með fræðslufundi inni í Samtökunum sem sagt sem að var þá opnir fundir en við vorum líka búin að vera með fræðslufundi úti í Fríkirkjunni, við vorum búin að vera í Grensáskirkju, við vorum með fundi í Þjóðarbókhöfðu, opna fundi sem að við fundum það hvað það féll í góðan jarðveg. En síðan ákveðum við

Það 2003 og það hafði svona í rauninni verið að, um tíma í gangi sem sagt öll hugsunin um það að stofna formleg samtök. Við höfðum áhuga á því og það brann á mér að ná tali af sem sagt kirkjunnar mönnum og fá þá til samræðu. Ég hafði unnið eins og ég sagði áðan í hjálparstarfinu og við að aðstoða fátækt fólk og fólk leitaði til prestanna og þeir höfðu samband við mig þannig að ég var í mjög góðu sambandi við presta Þjóðkirkjunnar. Og það má segja það að 2003 þá sem sagt er ákveðið að leita til Prestafélags Íslands og fá, vita hvort að þeir væru ekki tilbúnir til þess að koma til samstarfs við foreldra og aðstandendur samkynhneigðra með þá fræðslufundi og annað sem sagt inni á þeirra vettvangi og okkar, sameiginlega fundi. Og því var mjög vel tekið af þeim manni sem að var formaður Prestafélagsins þá, það var Jón Helgi Þórarinnsson, ég er ekkert í vafa um það að það hefur skipt máli á þeim tíma hver það var sem að, að var í formennsku eða fólk var í formennsku en hann bar þetta síðan upp og þessu var mjög vel tekið. Við stofnuðum félagið formlega 1. nóvember 2003 og þá sem sagt gáfum við út bækling, hann var til dreifingar hjá, innan Samtakanna '78. Ingibjörg Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sem að var með okkur og hún var varaformaður FAS, hún fór með bæklingana síðan inn í heilsugæslustöðvarnar og kom þeim fyrir þar þannig að það, þeir voru sýnilegir. Og ég ætla að skjóta því inn að það er ekki á neinn hallað þó ég segi það að Ingibjörg hún sem sagt átti gríðarlega mikið og gott samstarf og við unnum mikið saman að þessum málum. Þannig að ég vil svona koma því, koma því á framfæri og síðan um það leiti sem við sem sagt stofnum formlega samtökin eða Samtök foreldra og aðstandenda að þá kom Séra Sigfinnur Þorleifsson líka til liðs við hópinn sem foreldri. Og þetta starf það hefði aldrei orðið neitt nema af því var mjög sterkur og góður hópur sem að stóð saman og vann mjög vel saman. Þannig að þegar við stofnum samtökin þá gefum við út bækling og þá sem sagt létum við gera merki fyrir félagið og opnuðum heimasíðu og það er kannski gaman að nefna það að það féll í mjög góðan jarðveg, ég skrifaði grein 2001 og þá sem sagt um samkynhneigð og enginn er eyland og þar setti ég fram að ef að samkynhneigð væri 5% þjóðarinnar, hversu margir þeir væru, allir ættu foreldra tvo, allir væru komnir af föður og móður, ef það væri einn afi og amma sem sagt og systkini, hversu margir það væru og niðurstaðan var sú að þetta var 25% þjóðarinnar. Það var alveg fyrir utan alla frænkur og frændur, vini og félaga. Og þetta svona kom

mörgum á óvart á þessum tíma og var rétti tímapunkturinn til þess að vekja athygli á því hvað samkynhneigð snerti marga í samfélaginu. Og þetta settum við hérna inn í þennan bækling þannig að þetta kom svona skýrt fram.

HK: Nú var á þessum árum upp úr 2001 og 2003 - 2006 verið að vinna í fjölskylduréttarmálum samkynhneigðra og það voru í ýmsum sjónvarpsþáttum og umræður um það mikið m.a. kristni og hvort að samkynhneigðir væru hæfir til þess að ala upp börn og hérna fá að ættleiða og fara í tæknifrjógvun en svo var sko alltaf líka einhvern veginn síðasta vígið sko að fá að giftast í kirkju til jafns við aðra. Mér skilst að þú hafir nú eitthvað komið að þeirri vinnu svona í sambandi við kirkjuna.

Já. Ég ætla kannski að af því þú nefnir þetta með hérna að samkynhneigðir væru með börn og eignuðust börn og ælu upp börn og annað að hvað það breyttist margt á stuttum tíma. Bara þegar við byrjum árið 2000 þá var það margir sem að nefndu einmitt að þeir sáu ekki fram á það að barnið þeirra mundi eignast barn eða að þau eignuðust barnabarn sem sagt vegna þess að þá var ekki séð fram á það að fólk gæti farið í tæknifrjógvun og bara það hvað mikið breyttist á stuttum tíma hvað það varðaði. En, og það er alveg rétt og það kemur í gegnum sem sagt þetta samtal við Prestafélag Íslands að þá ákveðum við strax í upphafi að halda þrjú málþing og gerðum það. Tvö af þeim voru lokuð og voru þá aðeins fyrir samkynhneigða og foreldra og aðstandendur, þá sem vildu en fyrsta málþingið, yfirskriftin á því var um samkynhneigð, kirkju og trú. Hvar stöndum við? Það er haldið sem sagt vorið 2004, það er haldið í febrúar 2004 og síðan aftur í apríl 2004 þá höldum við annað málþing og það málþing var fjölskylda, samkynhneigð og hjú, málþing um fjölskyldu, samkynhneigð og hjúskaparform. Og þarna komu að sem sagt margir fyrirlesarar, þarna voru samkynhneigðir, bæði hommar og lesbíur sem að töluðu. Það var siðfræðingur, guðfræðingur, félagsfræðingur, þetta var, þetta voru margir sem að komu sem sagt að málefninu og síðan höldum við fjórða málþingið 2005 um vorið og það var opið öllum. Og það var: Getur íslenska þjóðkirkjan haft frumkvæði meðal þjóða? Og á þessum málþingum þá var umræðan um í rauninni bæði hvað hefði mætt bæði foreldrum og aðstandendum, hvernig við hefðum höndlað það, hvað hafði mætt samkynhneigðum, bæði lesbíum og hommum....(hljóð fer).

Ég tel alveg skýrt að þetta hafði áhrif. Já. Hvar vorum við?

HK: Við vorum að tala um umræðuefnið á þriðja málþinginu....

Já það var í rauninni sem sagt á öllum málþingunum, það var bæði sem sagt fræðimenn og líka bæði foreldrar, aðstandendur og hommar og lesbíur, það var það. Og, ég ætla að nefna það að dr. Solveig Anna Bóasdóttir sem er siðfræðingur hún sem sagt var með erindi á öllum þessum málþingum og hún var búin að vera með erindi fyrir okkur á málþingi sem við höldum áður og hafði gífurlega góða sýn inn í sem sagt þetta málefni. Það var ekki bara guðfræði vegna þess að það er svo auðvelt að stökkva út í það sem sagt að beita fyrir sig ákveðnum mjög gömlum viðhorfum sem að sumir vildu halda í sem sagt heldur tók hún þarna inn líka siðfræðina og bentu á að, að jú þessi, Biblían væri skrifuð á ákveðnum tíma og það yrði alltaf að taka afstöðu til þess eftir því á hvaða tíma er verið að fjalla um sem sagt málefni eins og t.d. samkynhneigð. Og það var alveg ljóst og skýrt að menn sem sagt, þeir gátu horft yfir ýmislegt sem var skrifað á sömu blaðsíðunum en horfðu til þess og beittu fyrir sig að samkynhneigð væri synd. Þannig að það komi, það komi bara sterklega fram.

HK: Funduð þið fyrir því að þetta kom hlutum á hreyfingu innan kirkjunnar?

Já. Já, alveg tvímælalaust að þá fundum við það að þetta kom málum á hreyfingu. Og ég kannski nefni það núna kannski að árið '96 og '97 þá höfðu, á prestastefnu og kirkjuþingi þá höfðu verið tekin upp málefni samkynhneigðra og það var um það leyti sem að er verið að setja lög og þá var sem sagt mikill vilji til þess að taka málefni samkynhneigðra til skoðunar sem sagt innan kirkjunnar. Það er Ólafur Skúlason sem að þá er biskup. Þetta er tekið til skoðunar á, á sem sagt, já það er á þessum árum '97 er það fest sem sagt og '98 þá er það tekið upp sem sagt að þá er búið að fela eða á að fela fræðslunefnd Biskupsstofu að taka málið sem sagt föstum tókum og útbúa fræðslu og kynningarefni. En það kom ekkert út úr þessu. Það var ekkert gert. Það var bara svo einfalt. Það verða, það verður breyting sem sagt, það tekur nýr biskup við 1998 en út af hverju sem það var að þá gerist ekkert og það er sem sagt ekkert gert í þessum málum. Biskup hann útbýr form til blessunar yfir samkynhneigðum þörum fyrir þá sem að óskuðu eftir því. Tók það fram að þetta væri ekki sem sagt

sambærilegt við hjúskap heldur væri þetta blessunarform sem að átti heima á sviði sálgæslunnar innan kirkjunnar. Og ég ætla bara að nefna það að þetta fór í rauninni mjög fyrir brjóstið á foreldrum og aðstandendum samkynhneigðra að setja á, setja fram eitthvað blessunarform sem flokkaðist undir sálgæslu, jú undir sálgæsluna er sem sagt, fyrir presta að hitta fólk í sorg vegna dauðsfalla, við skilnað, við veikindi og t.d. fátækir leituðu til presta. Það var á sviði sálgæslunnar. Þannig að við höfðum töluvert hátt um þetta og vorum alfarið sem sagt andvíg þessu. Þetta var m.a. tekið upp og nefnt af presti á einu af málþingunum. Það var bara á fyrsta málþinginu og þá nefnir hann einmitt þetta og telur þetta til framdráttar fyrir það sem kirkjan hefur að gera, segir jafnframt að þetta blessunarform það sé mjög sambærilegt við blessun húsa, sem að sé að finna í handbók íslensku kirkjunnar og sagði jafnframt að hann hefði ekkert við þetta að athuga. Og ég held að það hafi nú kannski flestir séð sig í því að vera með blessunarform sem sagt að ef þú ert að mæta í brúðkaup eða sem sagt barns þíns, samkynhneigð barns þíns og fá þarna blessun eins og væri verið að kasta blessun á hús eða skip eða eitthvað slíkt þannig að þetta fór mjög sem sagt fyrir brjóstið á okkur. Umræðan sem sagt hún var mjög góð á þessum málþingum og það má segja það að foreldrar og aðstandendur og fulltrúar frá Prestafélagi Íslands að við mættumst þarna sem sagt á miðri leið til þess að fjalla um málefni sem var viðkvæmt en við mættumst öll með opinn huga og vilja til þess að það kæmi eitthvað gott út úr okkar samstarfi. Og sú varð raunin. Ég ætla að nefna það að þriðja málþingið, þá er, þá leggur séra Sigfinnur Þorleifsson fram ályktun sem sagt, hann var með erindi og hann leggur fram ályktun í lok fundarins og ber það upp að samstarfið haldi áfram hjá FAS og PÍ eins og við kölluðum það og það verði skipaður hópur til þess að útbúa hjónavígsluritual fyrir, sem sagt verði fyrir samkynhneigða líka og þetta sko er, kemur fram strax og það þarf ekki annað heldur en að breyta í fyrstu greininni orðunum sem sagt gildi milli karls og konu í staðinn að setja inn gildi milli tveggja einstaklinga. Og síðan að breyta í samræmi við það öðru sem þyrfti. Þetta var samþykkt samhljóma og ákveðið sem sagt og þarna tekur við þriggja manna nefnd sem Sigfinnur var formaður fyrir. Það var hún Lára V. Júlíusdóttir og síðan einn prestur sem sagt þriðji aðili, Bjarni Karlsson. Og þau sem sagt vinna og leggja þetta fram en á aðalfundi 2005 hjá FAS þar er samþykkt að skora á Alþingi og skora á sem sagt Alþingismenn að, að taka

málið upp og útbúa eitt ritual fyrir alla. Þetta er bara nágranni minn hann er að þrifa eða eitthvað. Truflar það? Ég get alveg stokkið upp og beðið hann um að láta þetta bíða. Er það ekki?

Hann er ábyggilega uppi á, hann var nefnilega byrjaður að ryksuga hérna næstu hæð kl. níu í morgun.

Um það var rætt sko. Hvar stöndum við? Er kirkjan samstíga samfélaginu? Kirkjan og samkynhneigðir. (*Er að skoða pappíra*) Kirkjan verður að taka ábyrga afstöðu. Ég var með mitt innlegg í því. Þetta eru erindin á málþingunum já. Við kannski komum að því að ég beitti mér fyrir því að þetta yrði gefið út. Og þetta var í rauninni fyrsta svona heildstæða ritið sem að var gefið út á vettvangi kirkjunnar um málefni samkynhneigðra. Og það kom í okkar hlut sem sagt, ég safnaði öllum erindunum saman og er gesta, gestaritstjóri. (*Sýnir kirkjuritið*). Já eins og ég væri að sýna henni það? Hérna er einmitt líka mynd af, af hópnum. Já en þetta var og þetta var mjög gott sem sagt að þetta komst í verk að þessi erindi voru öll gefin út sko.

Já þú getur skannað það inn kannski eða tekið það? Er það ekki.

Þannig kemur fram, það kemur fram hverjir fluttu og hver yfirskriftin var. Svo höfðum við það svo huggulegt, við vorum með súpu sem sagt það var hlé. Og við hlæjum ennþá að því að hérna við elduðum 75 diska, mæðurnar, og hérna við köllum það ennþá prestasúpuna (*hlær*). Ha. Presta, já ég bauð þeim til mín í fyrra og þá sem sagt hafði ég, bauð þeim upp á prestasúpu. Það var mikil gleði og gaman.

HK: Hvað er í henni?

Þetta er ítölsk grænmetissúpa (*hlær*). En þetta féll í mjög góðan jarðveg og þeir sko, þeir urðu mjög mildir, það voru allir mjög mildir.

HK: Aldeilis jákvæðir:

Já, sérdeilis jákvæðir. Og já, ég veit ekki hvort þú getur skannað þennan, þessa töflu.

Addi: Haltu þessu bara niðri eins og þú værir að sýna Höllu.

Þarna nefnilega var, þurfti fólk að horfast í augu við það í rauninni hvað samkynhneigð snerti marga. Já. Þetta er mjög einföld tölfræði og auðskilin og það gátu, það hafa allir getað þú veist farið yfir þetta og sannreynt hvort að þetta væri eitthvert fleipur. Þannig að það er oft gott líka ef að það er hægt að setja hlutina fram á einfaldan hátt.

HK: Ég hef ekki séð þetta áður.

Nei þetta kom í grein 2001 og það er já.

Hrabba: Nú ætla ég að spurja, þú talar við Höllu. Geturðu aðeins farið yfir það sem að þeir voru að berja á í kringum þarna 2005, 2004, ja kannski 2003 - 2005 og endar sían, við vorum að reyna að koma í gegn þarna réttarbótunum þarna sem að fóru síðan í gegn 2007, nei fyrirgefðu 2006, hvaða ákvæði var það sem að endaði á því að biskupinn talaði um hjónabandið á sorphaugunum? Ef þú gætir aðeins sagt okkur þá sögu eins og þú þekkir hana.

Já, ég sko. Ég hérna auðvitað, var það sem sagt markmið okkar að hafa áhrif og þá sem sagt á presta. Biskupinn hann mætti á fyrsta málþingið, ávarpaði það en hann fór mjög fljótlega. Við sem sagt, við áttum fund með honum 2004 þar sem við leituðum eftir því að hann myndi vera með erindi á málþingi, á þriðja málþinginu, Getur íslenska þjóðkirkjan haft frumkvæði meðal þjóða, og hann, hann sem sagt, það sem kom út úr því var hann treysti sér ekki til þess. Þetta, við fórum þarna fulltrúar frá FAS og PÍ og áttum svona mjög opið og hreinskilið samtal við hann, ágætt samtal, en það sem að við fórum með út frá honum það var það að afstaða kirkjunnar til hjónabandsins sem sagt og, og gagnvart samkynhneigðum það væri byggt á gamalli hefð og Biblíuskilningi. Þannig að við fórum með það sem sagt alveg klárt. Og þá getum við líka ef við snúum okkur að því, sko út á hvað gengur þetta? Það var að þeir leituðu og fundu sem sagt að Kristur hefði sagt á ákveðnum tímapunkti að hjónabandið sem sagt að það væri milli karls og konu og það mætti ekki slíta. Ég gerði það að ég skoðaði þetta sem sagt í Biblíunni og ég skrifaði ágæta grein um sem sagt, um þennan hjónabandsskilning. Og m.a. að þá fór ég inn í þá umræðu sem sagt að ef að það væri nú tekin málsgreinin öll og skoðuð þar sem verið er að tala um

hjónaband karls og konu, að þá kæmi í ljós að það var verið að leita eftir því við Krist hvort að menn gætu ekki sko skilað konu sinni og fengið sér aðra. Og þá segir hann í samhengi sem sagt við það að hvort að þeir gætu ekki skilið við þær, í samhengi þá segir hann sem sagt þessa setningu sem hefur verið lesin sjálfsagt, á að lesa yfir hjónum að, að hérna saman sé fólk eitt karl og kona, en ef þú tekur setninguna með sem að kemur þar fyrir aftan að þá kemur fram sem sagt að fólk megi ekki skilja nema að um hórdómsbrot sé að ræða. Og ég tók þetta til samtímans vegna þess að mér fannst það mjög áhugavert að horfa upp á það að þarna var verið að úthýsa hluta sem sagt af þjóðinni frá því sem sagt að mega ganga í hjónaband í kirkju og velti því upp sem sagt að það stæði á því að menn hefðu þá ekki farið alla leið og, eins og Kaþólska kirkjan, neitað því sem sagt að lesa fólk í sundur. Á sama tíma og það var sem sagt verið að brýna það að samkynhneigðir mættu ekki ganga í hjónaband að þá voru prestar í því að lesa fólk sundur og saman, lesa það í sundur og gifta það sem sagt upp á nýtt og þannig að þetta er í rauninni byggt á svo ofboðslega veikum grunni þessi, þessi íhaldssama kristinfræði eða kristindómur sem að þeir héldu svona grimmt í. Og ég benti líka á það sem sagt í erindi mínu á fyrsta málþinginu að þá hafi prófastur í Reykjavíkúrprófastdæmi vestra hann hafði farið fram sem sagt í blaðagrein með í rauninni mikið, eigum við ekki bara að kalla það ja mikla fordóma gangvart samkynhneigðum og vitnaði þá í Biblíuna þetta sama. Þannig að sem sagt, hvað biskup meinti með því að kasta hjónabandinu á haugana sko, hann eins og ég hef skilið bæði afstöðu bæði hans og annara að þá er fólk, það er fast í sínum í rauninni menningarkima eða, eða sinni bókstafstrú, þetta er það sem að fólk hefur alist upp við, það sem það hefur drukkið í sig og telur vera sem sagt hið eina rétta og það að fólk hefur ekki hæfileika til þess að víkja frá því. Það hefur ekki hæfileika til þess sem sagt að rökræða og til þess að sjá hlutina í öðru ljósi heldur en þegar þeir voru sagðir fyrir 2000 árum eða eitthvað. Og ég held að það komi þá fram líka hvað var verið að meina að þetta hjónabandið var bara karls og konu. Það var ekkert, það var ekkert fyrir aðra. En við sem sagt tókum upp fleiri mál, sko við biskup. Við spurðum um fjölskyldustefnu kirkjunnar. Og hún var til frá 1994 og það var tekið upp og sem sagt sett vinna í það. Í framhaldi ef maður veltir fyrir sér hvað ávannst eða hvað kom í kjölfarið að þá var tekið upp, leikmannaskóli Þjóðkirkjunnar var með, ja var með

erindi fyrir fræðslu, fékk Dr. Sólveigu Önnu til þess að vera með fræðsluerindi á sínum vettvangi og við beindum því til biskups líka fyrir kirkjuþing 2004 að hann tæki sem sagt upp málefni samkynhneigðra og gerði eitthvað í málinu sem sagt innan kirkjunar. Hann skipaði nefnd, þrír einstaklingar. Það var formaður Prestafélagsins, Jón Helgi, það var Kristín Þórunn Tómasdóttir sem hafði unnið mjög ötult og gott starf að málefnum samkynhneigðra, hún kom alveg skýr fram þar og Grétar Einarsson sem að kom frá Samtökunum '78 og trúarhópi Samtakanna sem að kölluðu sig ÁST. Og þessi hópur hann er settur þarna sem sagt á laggirnar og þau unnu að þessu málefni sem sagt innan kirkjunnar. Annað ætla ég líka að nefna og það er tekið upp, það er Irma Sjöfn Óskarsdóttir sem að þá vann á fræðsludeild Biskupsstofu, hún tekur upp hjá sér sem sagt að stofna hóp, sækir um styrk til Kristnihátíðarsjóðs um það að þessi hópur hann fái sem sagt styrk til þess að útbúa fræðsluefni innan, fyrir söfnuði og presta. Og það komu 600.000 sem sagt til sjóðsins, til þessa hóps fyrir utan Irmu þá var það formaður Prestafélagsins, Jón Helgi. Það var, hvað á ég að segja, það var Jón Helgi, já í hópnum voru Jón Helgi frá Prestafélaginu, og ég var frá FAS, og það var þriðji aðilinn, ég verð að segja þér það á eftir bara. En, en, við fáum þarna sem sagt þetta fjármagn og við hittumst, þetta var ólaunað starf hjá okkur en átti að kosta sem sagt þetta verkefni, og við leggjum niður og gerum áætlun sem sagt fyrir fræðslustarf og ég átti minn þátt í því þannig að við leggjum þetta sem sagt fyrir, fyrir biskup og vitum ekki meir heldur en það sem sagt að þetta verði tekið og unnið og sett, sent sem sagt út til safnaða og vorum öll reiðubúin til þess að fylgja því eftir. Má ég ekki biðja aðeins, ég ætlað að sjá hvar þetta, hver þetta var (*leitar í blöðum*). Ég ætla að fá mér aðeins pásu.

Maður verður þurr í munnum.

Hrabba (bendir á blaðaljósmynd): Hver er þetta?

Þetta er Ólöf. Ólöf var gjaldkeri, Ólöf Markúsdóttir. Og svo á neðri myndinni þar er skal ég segja þér, Sigfinnur var með okkur.

Hrabba: Svo eru þetta svo skrítnar tilviljanir.

Já, eigum við ekki, ég ætla að eins að koma inn á það aftur bara hverjir hafa verið í hópnum af því að þetta var, alveg ótrúlegt hvað kom út úr þessu.

Byrja? Já, eitt af þeim verkefnum sem að fóru af stað í kjölfarið á málþingunum og samstarfi FAS og PÍ að það var að fræðsluhópur sem að Irma Sjöfn Óskarsdóttir sem að vann á fræðsludeild Biskupsstofu og hjá Leikmannaskóla Þjóðkirkjunnar stóð fyrir og sótti um styrk til Kristnihátíðarsjóðs. Í hópnum voru auk Irmu, það var Jón Helgi frá Prestafélaginu, Grétar Einarsson frá Samtökunum '78 og síðan var ég frá FAS. Og við sem sagt unnum þarna upp að við töldum mjög gott efni sem að væri hægt að fara með sem sagt út í sóknirnar, bæði til sóknarnefndarfólks og presta, og við lögðum þetta fyrir, fyrir Kirkjuráð. Það er Kirkjuráð, þetta fór til biskups og lagt fyrir Kirkjuráð og við vissum ekki annað heldur en að það væri verið að vinna þetta. Við vorum öll reiðubúin til þess að sinna málinu áfram og fylgja því eftir. Og síðan gerist ekki neitt. En ég hef það fyrir satt að þetta hafi nánast verið komið í umslögin, efni, sem sagt erindi til sókna landsins, það hafi nánast verið komið sem sagt í umslögin og tilbúið að þá hafi Kirkjuráð slegið þetta út af borðinu. Það fór aldrei hvorki eitt eða neitt. Og ég ætla að taka það fram að ég sé eftir þessari miklu og góðu vinnu sem að Kristnihátíðarsjóður styrkti um sko alla vegana 600.000 í byrjun, ef að ég man rétt þá fengum við styrk aftur til að framfylgja því. En þetta var í rauninni sem sagt bara þarna æðsta stofnun kirkjunnar sem að tekur þetta algerlega úr umferð. En þeir settu af stað sitt fræðsluefni og sinn hóp til að fara út í kirkjurnar. Og það vildi þannig til að ég átti aðgang, það var haldið, það voru haldnir fræðslufundir frá Biskupsstofu í sóknum landsins, og ég átti aðgang sem sagt að þessum fundum, eða fundi í minni sókn þar sem ég bjó. Og ég mætti þar til þess að hlusta og það var mikið gert úr því sem sagt hvað samkynhneigðir væru ánægðir og hamingjusamir með blessunarform kirkjunnar þannig að það var nú ekki til vandræða og samkynhneigðir væru svo ánægðir og þetta hefði komið fram í rannsóknum og öllu mögulegu. Og ég ætla að láta það fylgja með að það var Kristján Valur, núverandi Skálholtsbiskup, nei ég má ekki segja þetta. Víglubiskup. Já ég ætla að láta það fylgja með að það var Kristján Valur, núverandi víglubiskup sem sagt sem að hélt þessa tölu og ég bað um sem sagt orðið og ég spurði hann að því sem sagt um hvaða samkynhneigðu hópa eða

einstaklinga hann væri að tala og rannsóknir, sem að væru svona ánægðir með blessunarformið. Og það komu vöflur á hann augnablik en svo sagði hann: Það eru samkynhneigðir í Þýskalandi. Ég kom á framfæri þarna sem sagt anmarkana á þessu blessunarformi frá sjónarhorni okkar foreldra og aðstandenda samkynhneigðra og í rauninni já svona það væri niðurlægjandi að börnin okkar væru sett á bekk, hjá prestum sem sagt út frá sálgæslunni, þar sem að væri verið að þegar dauða bæri að höndum eða veikindi eða slys eða annað slíkt og við teldum það vera mikla óhæfu að þetta væri ætlað nógu gott fyrir okkur. Það væri það ekki. En það sem að stóð svolítið í mér það var það að ég vissi að það hefði verið farið með þetta út í sóknirnar og þessu komið á framfæri, þessum skilaboðum sem að mjög fáir höfðu forsendur til þess að vita að voru ekki réttar. En mér finnst þetta sýna veikleika kirkjunar manna að þurfa að fara fram með svona rangfærslur og hafa ekki kjark í sér til þess að taka á móti því samstarfi sem að við vorum tilbúin til þess að veita og sem að Irma Sjöfn stóð fyrir sem sagt að ja, gera tilraun til þess að koma á framfæri fræðsluefni sem að var vel ígrundað og vel fram sett. En kirkjan hafði ekki kjark. Það er bara málið. Það er það sem að hefur staðið ýmsum innan kirkjunnar fyrir þrifum að þeir hafa ekki haft kjark til þess að, að bregðast við.

Hrabba: Þannig að það voru kannski þessi hljóðláta mótstaða svolítið sem að var að reyna að grafa undan þessu starfi af því að nú hérna, varð kirkjan eftir 2006, það hljóta að hafa verið ákveðin vonbrigði. En kannski eins og ég segi það tók kirkjuna andskoti langan tíma....

Já. Það sem að kannski er síðan ánægjulegt og það var það sem sagt að hjónavígsluritúalinu var breytt með lögum 2010. Og það er Ragna Árnadóttir sem að var dómsmála- og mannréttindaráðherra sem að tók það upp. Og hún m.a. kom inn á aðalfund hjá FAS, foreldrum og aðstandendum samkynhneigðra, árið 2010 og sem sagt fjallaði þar aðeins um sem sagt hérna þessa löggjöf. Það kom fram þar að kirkjan hún treysti sér ekki til þess. Henni fannst ekki nægur tími. Það hefði ekki verið nógu mikið samtal um þetta og ekki nógur tími gefinn þannig að þeir treystu sér ekki til þess sem sagt að lýsa afstöðu um það hvorki með eða á móti. Það sem að var líka merkilegt og ánægjulegt, því sem var breytt í löggjöfinni 2010, það var akkúrat það

sem að kom fram á þriðja fundi, þriðja málþingi FAS, að það þurfti bara að breyta tveimur orðum. Þetta var í rauninni löggjörningur á milli tveggja einstaklinga en ekki karls og konu. Og síðan að breyta því sem að þá þar við átti. Og ég, við sendum bréf á alla þingmenn 2005 og fengum Alþingi til þess að, að taka, taka á móti okkur og áskorun, og þetta hefur allt haft sitt að segja því að dropinn holar steinninn. Og þetta hefur tekist í áföngum sem sagt en á margan hátt þá hefur kirkjan sjálf liðið mest fyrir að vera ekki reiðubúin til þess að taka þátt og vera hluti af því samfélagi sem að við lifum í. En það góða sem kom út úr þessu sem að ég sé, það var það að eftir þessi, þetta samstarf FAS sem að við leituðum eftir við PÍ að upp úr þessu samstarfi varð til öflugur hópur presta. Það var talað um herna fjörutíu manna hóp presta sem að þjöppuðu sér saman og báru má segja málið áfram og vilja merki þess að vinna að málefnum samkynhneigðra innan kirkjunnar og m.a. eins og þetta er að þetta er náttúrulega klárt mannréttindabrot að ætla síðan að beita fyrir sig að prestum sé í sjálfsveld sett hvort að þeir gefi fólk saman eða ekki.

Hrabba: Já geturðu aðeins farið yfir þá lendingu og hvernig var komist að henni, það var þarna kirkjuþingið 2007 eða 6, eða nei þetta var á kirkjuþingi ég man ekki hvaða ár, skiptir ekki máli það var á þessum tíma, ef þú gætir aðeins sagt okkur frá þeirri sögu.

Sko þetta, samvisku, samviskufrelsi presta, það var eitt af því sem að biskup tók fram þegar að það var sett þetta blessunarform að það gæti hver og einn prestur sem sagt átt við sína samvisku hvort hann vildi gefa, eða blessa samkynhneigða. Sko samviskufrelsi presta það í rauninni var inni í þessum lögum 2010. Það ákvæði var inni í lögum 2010 að þetta samviskufrelsi að prestar gætu átt það þá við sig hvort að þeir vildu gefa saman eða ekki. Þetta hefur farið mjög fyrir brjóstið á foreldrum og aðstandendum samkynhneigðra og þeim hópi sem að ég hef unnið með og tekið þátt í og þetta náttúrulega á ekki að eiga sér stað og við Ingibjörg birtum grein 2015 m.a. um þetta að það væri svo gjörsamlega út í hött að það væri verið að tala um samviskufrelsi presta, hvers vegna miðað við t.d. að lækna ættu að geta neitað og synjað samkynhneigðum eða kennarar vildu ekki kenna samkynhneigðum. Ef að kirkjan treysi sér ekki til þess að uppáleggja öllum prestum að gefa samkynhneigða

saman þá væri bara eitt í stöðunni. Og það er það að Alþingi taki þennan löggjörning alfarið úr höndum kirkjunnar og presta. Það er ekkert annað, það er ekkert annað ásættanlegt í því og þá getur fólk sem sagt sem að vill fara, fólk fer þá til sem sagt sýslumanns og, og lætur gefa sig saman eða manna sem hafa rétt á því að framkvæma hjónavígslu, en geta þá farið til kirkjunnar og fengið blessun. Agnes, núverandi biskup, hún, þetta var í umræðu og hún kom inn á samviskufrelsi presta. Það féll ekki í góðan jarðveg. Hún kom síðan fram og sagði að kirkjan bannaði öllum prestum að vera með, að fremja mannréttindabrot. Það hefði verið gott að hún hefði gert það strax. Fyrir kirkjuna.

Hrabba: Þannig að nú standa málin þar. Þeir lyppuðust allir niður fyrir okkur.

Já. Já. Í sjálfu sér þá tel ég bara eftir það sem á undan er gengið að það væri bara rökrétt og gott að taka þennan löggjörning frá kirkjunni. Ég tel að kirkjan framkvæmi blessunarformið fyrir, fyrir sem sagt alla sem að vilja til hennar leita, ég ætla að taka það fram að það eru margir góðir prestar starfandi innan Þjóðkirkjunnar, og ég tel að það sé erfitt fyrir fólk sem að ekki þekkir þar til, að leita til prests sem þú hefur ekki hugmynd um hvort að hann er með þér á hamingjustund lífs þíns af heilum hug og hjarta eða hvort að það er einhver sem er að hrista þetta fram úr erminni, án þess að gefa sig uppi. Já, ég mundi, ég tel það rétt sem sagt að þarna verið skilið á milli.

Hrabba: Þetta var náttúrulega líka hluti af strategiunni þarna 2005 og 6 sko, eða hvað mig varðaði að, gott að hafa baráttuna frá nokkrum hliðum og þið stóðuð þarna og skorðuð á Alþingi og, og ég stóð og sagði á öðrum stöðum að ef þetta mundi ekki ganga eftir að þá þyrfti bara að taka þennan löggjörning af þeim. Það var náttúrulega viðkvæmt mál.

Já. Það er ekkert sjálfsagt að kirkja, þetta er eini löggjörningurinn sem að er ekki framkvæmdur þá af lögmonnum eða sýslumönnum eða öðrum sem sagt réttbærum og fólk getur farið, trúað fólk, það er sjálfsagt að það fari til kirkjunnar og fái þá blessun sem sagt hjá prestum sem að það óskar eftir og treystir. Það er það.

Hrabba: Þegar þú horfir til baka hvað var hérna erfiðast á þessum árum? Hvað var óvægnast? Hvað gekk næst þér? Ég meina nú þegar þú stígur fram sem foreldri sankynhneigðra þá færð þú líka bylgju af fordómum á móti þér, hvernig sneri það að þér?

Ég fékk náttúrulega töluverða bylgju. Ég var starfandi í sóknarnefnd í tíu ár. Því þegar að ég byrjaði að vinna á Biskupsstofu þá bað presturinn í mínu, í minni sókn sem hafði fermt dóttur mína, hann bað mig um að koma í sóknarnefnd og ég gerði það. Og Ég var formaður þar í þrjú ár þannig að, það var bæði, ég sá það sem styrk að vera í rauninni beggja megin. Ég nýtti mér það sem styrk. Því að þá vissi ég nákvæmlega hvað var sem sagt í gangi. Það sem að kannski var erfitt það var sko um það leyti sem að dóttir mín sagði mér að hún væri samkynhneigð að þá sem sagt fljótlega á eftir að þá fann ég fyrir svona kvíða hennar vegna. Og um, vegna þess að þá óttaðist ég, miðað við hversu grimmt samfélagið var að hún mundi ekki fá að njóta sín sem einstaklingur og það mundi sem sagt, og sú yrði raunin. Ég stóð frammi fyrir því. Og ég ætla líka að bæta því við að þarna þegar að ég er að vinna sem sagt, er á Biskupsstofu og hlusta á það að, hinar kristnu mæður, þeim var hampað og hossað og bara hvað þær væru frábærar og sem sagt varðandi það að það ætti ekki að ala, samkynhneigðar konur ættu ekki að ala upp börn, það særði mig djúpt. Ég átti barnabarn, alveg frábæran einstakling sem hafði notið einstaklega mikils ástríkis og virðingar og alltaf mætt þannig og það efldi mig. Ég hugsaði með mér, ég ætla að leggja mitt af mörkum til þess að hafa áhrif á þjóðmálaumræðu og það sem er í gangi það skal ekki hrína á börnum okkar og barnabörnum okkar. Þessi, þessi, þessi grimmd sem fólk fer fram með sem að er sko, sem er fjötrað í eigin kima. Þegar ég lít til baka þá finnst mér að þetta starf að það hafi skilað nokkrum skrefum á leið.

Ég veit ekki hvort ég á að segja það hérna, jú, fyrirgefðu já. Ég ætla að segja það. Það sem að vakti athygli mína þegar að biskup Íslands steig fram t.d. í sinotusræðu sinni og fjallaði um það að það hefði verið mikið samtal um samkynhneigð innan kirkjunnar og, og þetta væri mikið í gangi og allt það, aldrei nokkurn tíð og tímann nefndi hann að þetta væri, hefði farið allt af stað út af samstarfi FAS og PÍ, aldrei nokkurn tímann hef ég séð hjá kirkjunni að þetta væri samstarf sem foreldrar og

aðstandendur hefðu komið á. Aldrei. Og m.a.s. það að hópurinn sem að, undir formerkjum hópsins sem að biskup skipaði var opnað inn á heimasíðu Biskupsstofu, eða inn á heimasíðu kirkjunnar, vettvangur sem sagt afrakstur sem að starf þeirra skilaði. Ég leitaði að því og ég fann það á öftustu síðu undir liðnum hérna trúarstarf samkynhneigðra, þar var talað um hérna regnbogamessurnar og starfsemi ÁST. Þar undir var, voru þrjár línur sem að kom fram samstarf PÍ og FAS, það var ekki samstarf FAS og PÍ, það var samstarf PÍ og FAS. En ég hugsa með mér að meiri veikleiki gæti það ekki verið ef það er ekki hægt að koma fram og nefna hvernig þetta fór allt af stað. En við höfum stundum sagt það, þessar konur sem fórum af stað, að við höfum, að það vorum við sem að drógum kirkjuna í gang með handafli.

Hrabba: Biskupinn, manstu þegar hann setti fram afsökunarbeiðni á þessum orðum sínum?

Ég man það, ég heyrði það sko, þannig. Það var löngu seinna var það ekki? Já.

Hrabba: Hvað með hérna, það er tvennt, það voru bæði önnur trúfélög sem sagt fyrir utan kirkjuna eins og hérna Fríkirkjan í Reykjavík og, og jú Ásatrúarfélagið sem að voru mjög tilbúin til þess að framkvæma þessar blessanir, setti það pressu að þínu mati á Þjóðkirkjuna?

Að gera eitthvað?

Hrabba: Já, varstu í einhverju samstarfi við Fríkirkjuna eða?

Nei, ég var það ekki. Ég var það ekki, ég svona, ég sko, hann fór Fríkirkjuprestur, hann hefur verið mjög afdráttarlaus og hefur virkað sko...þetta er ekki ég....ég segi hann hefur verið mjög afdráttarlaus í afstöðu sinni finnst mér gagnvart hérna, samkynhneigð og hann hefur baunað á kirkjuna sem sagt þannig. Ég veit ekki hvort að það hafi verið, ég held meira að við loksins þegar að biskup áttaði sig á því, kirkjan var ekki að standa sig, þá held ég að þótt seint væri í rassinn gripið að þá hafi verið sett fram sem sagt þessi afsökunarbeiðni og jafnvel að það hafi einhverjir haft áhrif á það. Ég, ég get ekki, ég þekki ekki þá sögu sko.

Hrabba: Nei, ég heyrði að hún var að vinna með honum svolítið hún mamma hans

Hákonar, Hulda.

Hulda Guðmundsdóttir já. Hún Hulda, hún er skógaræktarbóndi í herna Skorradal.

Hrabba: Já bíddu og það var líka herna hún....ok. Hvernig tóku samkynhneigðir foreldrafélaginu? Voru þau, stundum er það nú ekki alveg kúl að vera með foreldrum á ákveðnum aldri, var ykkur þakkað eða....

Ja, ég fékk þakklæti frá einum formanni. Það var kort. Ég hyggt að þú hafir skrifað það, nafnið þitt var undir því. Það, það sko ég veit ekki hvort að fólk áttaði sig á því í rauninni. Ég held samt það hafi gert það þegar að leið frá að bara eins og var markmið okkar alltaf það var að leggja málefnið lið. Þannig að...

Hrabba: Þannig að unglingurinn hann hefur ekki ennþá áttað sig á vitleysunni?

Ég sko en það var, það var einhvern veginn, við vorum svo velkomin að koma og funda og allt það sem sagt en, en ég held að við vorum þarna nokkur sem að vorum mjög félagsmálavön og höfðum unnið sem sagt mikla vinnu með öðrum félögum og kannski þess vegna komum ekki alveg þú veist blönd að borðinu. Og ég hafði t.d. ákveðnar hugmyndir um alveg hvernig ég myndi leggja upp fundina með FAS skilurðu og allt slíkt sem sagt og, og bara vön sem sagt að, að taka á erfiðum málum líka. En ég held sko, við vorum sem sagt mjög velkomin aðkoma og vera innan Samtakanna '78 og, og sem sagt allt það en ég held líka að það hafi verið mikilvægt að við stofnuðum sjálfstætt félag til þess að við gætum t.d. bara farið fram og óskað eftir samstarfi við PÍ. Vegna þess sem, sem óformlegur hópur innan Samtakanna '78 það mætti segja að við hefðum verið að taka fram fyrir hendurnar á þeim með því sem sagt að fara fram. Ertu ekki sammála því?

Hrabba: Algjörlega.

Já, ég segi það. Þannig að við þurftum að skapa okkur svona svigrúm og gerðum það. En sko jafnframt að, við áttum aldrei í neinum útistöðum, þú veist það var ekki þannig, það var einhvern tímann einu sinni eða eitthvað sem að við vorum tekin á teppið. En herna, en það var, það var ekki almennt viðhorf sko.

Hrabba: Kannski eitt að lokum hérna, hvaða máli hefur það skipt fyrir þig persónulega og hvernig tilfinning er það t.d. að fara í þessar göngur eins og þessar Gay Pride göngur, hvernig er að labba niður Laugavegin?

Sko það hefur verið mér mjög auðvelt. Ég hef sko alveg frá upphafi þá taldi ég að sýnileikinn væri mikilvægur, skipti miklu máli að foreldrar og aðstandendur væru sýnileg. Og ég tengdi það líka að samfélagið áttaði sig á því að börnin okkar ættu sterkar fjölskyldur og sterka einstaklinga á bak við sig. Það hefur í rauninni verið mér til ánægju að ganga sem sagt í, í hérna Gleðigöngunni og bara til þess að sýna stolt mitt og gleði sem sagt yfir því að ég svona er hluti af og tengist. Það er það. Og ég held að ég hafi ekki heyrt annað en að það sé viðhorf þeirra sem að hafa verið að vinna í kringum mig. Það er í rauninni til þess að sýna stolt okkar og gleði og bara þakklæti fyrir það að eiga okkar börn og sem að eru hluti af litrófi lífsins.

Hrabba: Ertu þá búin að skipta um skoðun núna, telurðu að börn homma og lesbía og litrófsins eigi betri möguleika núna en áður?

Ég held að það, ég held að það sé skárri en ég held að það þurfi að vera vakandi og vera á varðbergi. Ég held það. Og ég vona það að félagið eigi eftir að blómstra aftur þannig að það er af nógu að taka. Og ég ætla líka að nefna það af því þú nefndir börn og barnabörn að ég held einmitt að þegar að börn, barn, ég segi eins og barnabarn mitt áttar sig á, það er okkar hlutverk líka í fjölskyldunum og það er að leiða börnunum fyrir sjónir fordómana og ranglætið og hvernig við getum greint það hjá mörgum hópum. Í rauninni að kenna þeim að sjá samfélagið eins og það er. Það var, það var eitt af því sem að ég gerði, átti viðræður við mitt barnabarn og út frá fordómum eins og gegn innflytjendum og annað. Og þegar ég fékk það, heyrðu amma, er ekki þessi þarna, er hann ekki dálítið klikkaður sko. Það var aðili sem að hafði svo mikla fordóma gagnvart, og ég sagði jú það er akkúrat alveg hárrétt hjá þér. Ég held að það sé svona okkar að kenna börnum og barnabörnum okkar að þekkja kjarnan frá hisminu og þekkja rétt frá röngu og með þekkingunni þá kemur styrkur. Ég held að það sé það besta sem við getum skilað til okkar.

Hrabba: Er eitthvað að lokum sem að ég hef gleymt að spyrja þig um?

*Harpa Njálsdóttir
28. febrúar 2017
Reykjavík*

Ég man ekki eftir því. Kannski man ég eftir því, þá sendi ég þér línu og þú getur talað inná ef þér finnst það vera þess virði. Er það ekki? Ha.

Hrabba: Takk fyrir þetta.

Já takk fyrir mig. Eins og ég sagði við þig, ég hérna er búin að, komið að ýmsum félagsskap en þetta er það verkefni sem að mér hefur þótt allra vænst um. Það var ekki auðvelt, það var erfitt á köflum en sko með þessum frábæra hóp líka af því við urðum svo góður hópur að þá svona héldum við áfram.

--

Ég held að það skipti máli sko að við erum ekki með öll egginn í sömu körfunni og það þarf að vera vakandi fyrir hvað er að gerast á jaðrinum sko.